

197

8. sept.

## AUGLÝSING

um breyting á fyrirmælum nr. 81 27. júlí 1933, um kjötskoðun, merkingu á kjöti o. fl.

1. gr.

5. gr. fyrirmælanna orðist þannig:

Hver sá, er flytur nýtt, kælt eða frosið kjöt til sölu, í kaupstaði þá eða kaup-tún, sem um ræðir í 3. og 4. gr., og sem ekki hefur áður verið skoðað og merkt lögum samkvæmt, skal skyldur til að leggja það fram til skoðunar og merkingar á þeim stað, er bæjarstjórn og hreppsnefnd ákveður, áður en það er boðið til sölu eða neyzlu. Skal hann greiða gjald fyrir skoðun, merkingu og húsnæði til skoð-unarinnar, sem eigi fari fram úr því sem hér segir, fyrir hvern skrokk:

Af nautgripum og hrossum með	50 kg kjötpunga og þar yfir	kr. 2.00
— „ „ —	30—50 — —	— 1.00
— „ „ —	minni kjötpunga	— 0.50
— svinum með 50 kg kjötpunga og þar yfir	.....	— 2.00
— „ „ —	minni kjötpunga	— 1.00
— sauðfé og geitum	.....	— 0.10

Gjald þetta skiptist að hálfu milli læknis þess, er skoðunina annast og þess, er húsnæði leggur til, nema að því er tekur til sauðfjár og geita, þar skal greiða lækn-inum kr. 0.07, og þeim er leggur til húsnæði kr. 0.03.

Þar sem kjötskoðun fer fram í sláturhúsi, sem fullnægir ákvæðum ofangreindrar reglugerðar og atvinnurekandi leggur til sjálfur, skal gjald til læknis þess, er skoðun og merkingu annast, vera sama og hann fær fyrir skoðun á öðru kjöti, sem sé ekki hærra en 1 kr. fyrir hvern skrokk af nautgripum, hrossum og svinum, en 7 aurar fyrir hvern kindarskrokk eða geitarskrokk.

Auk þeirrar þóknunar, sem greiða skal lækni þeim, sem kjötskoðunina annast, samkvæmt framanskráðu, ber honum verðlagsuppbót eins og hún er ákveðin á hverjum tíma.

2. gr.

Með auglýsingu þessari eru felldar úr gildi auglýsing nr. 140 29. júlí 1939, um sama efni, og auglýsing nr. 156 20. september 1941, um breyting á kjötskoðunar-gjaldi samkvæmt auglýsingu nr. 140 29. júlí 1939.

Fyrirmæli þessi eru sett samkvæmt lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnumálaráðuneytið, 8. september 1947.*

**Bjarni Ásgeirsson.**

*Gunnl. E. Briem.*